



## Mánudaginn 29. apríl 2013 kom fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar kl. 20.30 á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundinn sátu: Birgir Ingbórsson, Jón Gíslason, Eline Manon Schrijver, Brynjólfur Friðriksson, Björn Þór Kristjánsson, Jóhanna Stella Jóhannsdóttir, Þórunn Ragnarsdóttir, Víðir Gíslason, Sigríður B. Aadnegard og Jens P. Jensen.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla skólastjóra.
3. Drög að skóladagatali
4. Ráðning kennara.
5. Önnur mál.

### 1. Fundarsetning.

Formaður setti fund kl. 20.40 og bauð fundarmenn velkomna.

### 2. Skýrsla skólastjóra.

Íþróttadagur var 11. apríl s.l. Um 200 grunnskólanemar úr Húnavatnssýslum mættu þá á Húnavelli. Húnavallaskóli tók þátt í Skólahreysti á Akureyri og var í sjötta sæti af ellefu. Húnavallaskóli tók þátt í verkefninu Þjóðleikur sem unnið var í samstarfi við Þjóðleikhúsið. Skólastjóri kynnti valgreinar sem í boði eru fyrir nemendur í 9. og 10. Bekk. Vorverkefni hefjast 13 maí. Skólaslit verða 29. maí. Á starfsdegi leikskóla var farið í heimsókn í leikskólana á Borðeyri og Hvammstanga.

### 3. Drög að skóladagatali.

Skólastjóri lagði fram drög að skóladagatali grunnskóla skólárið 2013-2014. Þar er gert ráð fyrir að skólasettning verði 22. ágúst 2013. Vorverkefni hefjist 12. maí 2014. Starfsdagar kennara utan skólatíma verða 8. Skólaslit verða 26. maí 2014. Fræðslunefnd gerir ráð fyrir að afgreiða skóladagatalið á næsta fundi.

Lagt var fram skóladagatal leikskóla skólaárið 2013-2014. Skólastjóri leggur til að leikskóli verði lokaður í 7. vikur í sumar, tímabilið 24. júní til 8. ágúst. Fræðslunefnd gerir ráð fyrir að afgreiða skóladagatalið á næsta fundi.

### 4. Ráðning kennara.

Tvær umsóknir bárust í starf kennara sem auglýst var laust til umsóknar. Frá Hjördísi Kvaran Einarsdóttur og Berglindi Hlín Baldursdóttur. Hjördís hefur ekki sérkannararéttindi né kennararéttindi í leikskóla. Berglind uppfyllti öll skilyrði sem sett voru í auglýsingu. Fræðslunefnd samþykkti að leggja til við hreppnefnd að Berglindi Hlín Baldursdóttir verði ráðin í stöðuna.

### 5. Önnur mál.

Formaður kynnti stöðu dreifnáms í A-Hún.  
Rætt var um mötuneytismál í Húnavallaskóla.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi var slitið kl. 22.17